

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum.

1. gr.

Á tímabilinu 1. júlí til 31. ágúst 1995 úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum IIIA, IIIB og IVB við tollalög númer 55/1987, með síðari breytingum. Nefnd skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 gerir tillögur til landbúnaðarráðherra um ráðstöfun þeirra tollkvóta sem taldir eru upp í reglugerð þessari.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, magn- og verðtoll:

			Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Vara	Tímabil	kg.	%	kr./kg.	
<i>Úr tollkafla 6:</i>					
0601.2004	Pottapl. 100 sm og stærri	01.07.-31.07	5.000	30	
0603.1003	Ættkvíslar skv. tollskrá	01.07.-31.07	700	30	
0603.1004	Afskornar greinar	01.07.-31.07	700	30	
0603.1009	Annars	01.07.-31.07	170	30	
0604.9109	Annað	01.07.-31.07	3.000	30	
<i>Úr tollkafla 7:</i>					
0701.9000	Kartöflur	01.07.-13.08	135.000	15	30
0703.9000	Blaðlaukur	01.07.-31.07		30	
0704.1000	Blómkál	01.07.-16.07	15.000	30	
0704.2000	Rósakál	01.07.-31.08		30	
0704.9001	Hvítkál	01.07.-09.07	20.000	30	
0704.9002	Rauðkál	01.07.-31.08		30	
0704.9004	Spergilkál	01.07.-16.07		30	
0704.9005	Fóðurmergskál	01.07.-31.08		30	
0704.9009	Annað	01.07.-31.08		30	
0705.1002	Salat	01.07.-31.08		15	92
0705.2100	Kaffifílsblöð	01.07.-31.08		30	
0705.2900	Annað	01.07.-31.08		30	
0706.1000	Gulrætur & næpur	01.07.-16.07	25.000	30	
0706.9000	Annað	01.07.-31.08		30	
0709.5100	Sveppir	01.07.-31.08		15	200
0709.9002	Kúrbítur	01.07.-31.08		30	
0709.9009	Annað	01.07.-31.08		30	

Við innflutning sem fellur undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil. Fyrir þau tollnúmer sem vörumagn er tilgreint gildir tiltekinn verð- og/eða magntollur skv. útgefnum tollkvótum.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils.

3. gr.

Tollkvótum er úthlutað skv. auglýsingu þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Úthlutun er bundin við handhafa heildsöluleyfis og er ekki framseljanleg. Við úthlutun á tollkvótum sem fellur undir tollnúmer þar sem vörumagn er tilgreint skal eftir því sem unnt er auglýsa eftir umsóknum um tollkvóta.

Til að tryggja að breytt fyrirkomulag innflutnings valdi ekki röskun á framboði á vörum sem falla undir tollkvóta er heimilt að haga úthlutun með svipuðum hætti og verið hefur í neðangreindum vörutegundum:

<i>Tollflokkur</i>	<i>Vara</i>
0601.2004	Grænar og blómstrandi pottaplöntur yfir 1m á hæð
0603.1003	Ættkvíslirnar Protea, Banksía, Leucadendron og Brunia
0603.1004	Afskornar greinar með berjum og ávöxtum
0603.1009	Annars
0604.9109	Annað
0704.1000	Blómkál og hnappað spergilkál
0704.9001	Hvítkál
0706.1000	Gulrætur og næpur

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál útaf brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. og með vísan til ákvæðis til bráðabirgða I í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. júlí 1995 og gildir til 31. ágúst 1995. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 224/1994 um takmörkun á innflutningi landbúnaðarvara.

Landbúnaðarráðuneytið, 28. júní 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Jón Höskuldsson.